

um, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði Kim Mortensen kr. 59.483.80 innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þar af greiðast 19% ársvextir af kr. 19.483.80 frá 2. nóvember 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, en eftir það 35% ársvextir til 14. maí 1981.

Þá greiði ákærði dómvexti, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma með lögum, af kr. 59.483.80 frá 14. maí 1981 til greiðsludags.

Ákærði greiði Lúðvík Emil Kaaber héraðsdómslögmanni kr. 4.000.00 í málsvarnarlaun og kr. 4.000.00 í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 14. febrúar 1983.

Nr.202/1980. Ósgerði s/f

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins**

(Sigurður Ólason hrl.).

Veiðiréttur. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. október 1980, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. s. m. Hann gerir aðallega þá kröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær kröfur, að ómerkingarkröfu áfrýjanda verði hrundið og hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málið hefur verið sérstaklega flutt fyrir Hæstarétti um ómerkingar- og frávísunarkröfu áfrýjanda.

Stefndi fyrir Hæstarétti höfðaði mál þetta með stefnu, útgefinni 27. janúar 1976, á hendur Eyjólfí Guðsteinssyni f. h. dánarbús Guðsteins Eyjólfssonar sem eiganda Ósgerðis. Eftir að málið hafði verið rekið fyrir áreiðar- og vettvangsdómi í rúm fjögur ár, munnlega flutt og dómtekið 22. apríl 1980 og endurupptekið og flutt að nýju 19. maí s. á., var lýst yfir því á dómþingi 6. júní s. á., er hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp, að málinu hefði „verið beint gegn Ósgerði s. f. ... þrátt fyrir orðalag í stefnu.“ Var jafnframt lagt fram nýtt gagn til sönnunar því, að greint félag væri eigandi Ósgerðis, og hefði svo verið a. m. k. síðan árið 1965.

Stefnukrafa fyrir héraðsdómi var sú, að hinu stefnda dánarbúi yrði dæmt óheimilt sem eiganda Ósgerðis „að leggja veiðilagnir eða stunda veiðiskap yfirleitt fyrir séreignarlöndum jarðanna Arnarbælis og Nethamra“, en þær jarðir væru eign stefnanda. Í greinargerð fyrir héraðsdómi var og sérstaklega tekið fram, að málssóknin varðaði einungis „veiði fyrir sérgreindu heimalandi“ Arnarbælis og Nethamra og væri „ekki tekin afstaða til þess, hvort Ósgerði kunni að eiga veiðirétt fyrri óskiptu landi Arnarbælistorfu...“

Í þessu horfi var málið rekið fyrir héraðsdómi, uns lögð var fram yfirlýsing umboðsmanns stefnanda hinn 5. apríl 1979, þar sem sagði, að ekki yrði séð, að Ósgerði ætti neinn veiðirétt fyrir óskiptu landi Arnarbælistorfu. Loks hinn 21. apríl 1980 var skráð í þingbók, að stefnandi breytti dómkröfu sinni þannig, að krafist væri, að áreiðar- og vettvangsdómurinn staðfesti, að „jörðinni Ósgerði fylgi enginn veiðiréttur í Ölfusá á svæði, sem afmarkast af vesturmörkum Auðsholts vestur að fjörunni á móts við gamla íbúðarhúsið í Arnarbæli.“ Virðist nú hafa verið við það miðað, að árbakkinn innan greindra marka væri óskipt land Arnarbælistorfu, en ekki land Arnarbælis og Nethamra einna. Samþykkti umboðsmaður stefnda í héraði, að framangreind breyting á kröfugerðinni fengi að komast að í málinu. Með þessu var dómkrafan og málsgrundvöllurinn orðinn allt annar en verið hafði allan þann langa tíma,

sem málið hafði verið rekið fyrir áreiðar- og vettvangsdóminum. Ljóst er, að ýmis fleiri býli en málið var talið varða í upphafi teljast til hinnar svonefndu Arnarbælistorfu. Glögg grein hefur ekki verið gerð fyrir því, hver þau býli eru og hverjir eigendur þeirra. Í endanlegum dómkröfum sínum miðaði stefnandi við það, að árbakkinn á því svæði, sem um er að tefla, væri í óskiptri sameign sumra eða allra býla, sem teljist til Arnarbælistorfunnar. Ekki verður séð, að fyrirsvarsmönnum þeirra býla hafi verið veittur kostur á að láta málssókn þessa til sín taka, svo sem rétt hefði verið, þar sem hún í endanlegu horfi varðaði veiðirétt fyrir óskiptu landi, sbr. 46. gr. laga nr. 85/1936. Ræður í því sambandi ekki úrslitum, þótt stefndi hér fyrir dómi kunni að telja, að vegna sérstakra aðstæðna eigi ekki veiðirétt fyrir landi torfunnar önnur býli í henni en Arnarbæli og Nethamrar.

Þar sem á máltilbúnaði stefnanda og málsmeðferðinni voru slíkir annmarkar, sem nú hafa verið greindir, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dómi og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 10.000.00 krónur.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ýmis ný gögn. Er þar á meðal skjöl, er varða eignarrétt að jörðinni Ósgerði frá 1921 til 1965. Þá hefur verið lögð fram landskiptagerð, er fram fór 8. júlí 1941, að því er virðist samkvæmt beiðni ábúenda á býlum í Arnarbælistorfu. Hefðu gögn þessi að réttu lagi átt að liggja fyrir héraðsdómi.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins, greiði áfrýjanda, Ósgerði s/f, 10.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### Dómur áreiðar- og vettvangsdóms Árnassýslu 6. júní 1980.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 27. jan. 1976, og þingfestri 23. mars sama ár. Málið var munnlega flutt 25. apríl sl. og dómtekið að því loknu. Að tilhlutan dómsins var málið endurupptekið þann 19. maí sl. og dómtekið á ný að loknum munnlegum málflutningi.



Stefnandi málsins er Jarðeignadeild landbúnaðarfaðuneytisins. Varnar- aðiljar eru eigendur jarðarinnar Ósgerði, Ölfushreppi, sem sameignarfélag um eignina, sem þeir nefna Ósgerði s/f.

Dómkröfur hafa sætt nokkrum breytingum undir rekstri málsins. Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að staðfest verði með dómi réttarins, að jörðinni Ósgerði fylgi enginn veiðiréttur í Ölfusá á svæði, sem afmarkast af vesturmörkum Auðsholts vestur að fjörunni á mótis við gamla íbúðarhúsið í Arnarbæli. Enn fremur er þess krafist, að eigendur Ósgerðis verði dæmdir til að greiða hæfilegan málskostnað. Stefndu hafa krafist sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja og málskostnaðar að mati réttarins.

Upphaflega var stefnt til réttargæslu í málinu Steindóri Guðmundssyni, Egilsstöðum, og Óskari Sigurðssyni, Króki, báðum í Ölfushreppi. Engar kröfur voru gerðar á hendur réttargæslustefndu, og engar kröfur komu af þeirra hálfu. Réttargæslustefndi Steindór sótti þing við upphaf málareksturs þessa, en þingsókn féll fljótlega niður af hans hálfu. Réttargæslustefndi Óskar hefur ekki sótt þing í málinu, og ekki verður séð af gögnum málsins, að hann hafi fengið tilkynningu um málareksturinn.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en viðleitni í þá átt hefur ekki borið árangur.

#### Málavextir.

Eins og kröfugerð stefnanda ber með sér, er ágreiningur með aðiljum máls þessa um veiðirétt í Ölfusá á tilteknu svæði. Úpplýst er, að stefndu í máli þessu telja sig ekki eiga sérgreint land á þessu svæði niður að ánni. Þá er og upplýst, að viss spilda, sem liggur að ánni, er svonefnt óskipt land Arnarbælistorfu, en enginn ágreiningur er þó með aðiljum um mörk þessarar óskiptu spildu við ána.

Jörðin Arnarbæli í Ölfushreppi í Árnessýslu hefur verið kirkjujörð frá fornu fari. Lá hún að fornu undir Skálholt, en á veðbókarvottorði er hennar nú getið sem „vitanlegrar kirkjujarðar“.

Lýsing landamerkja Arnarbælis og Ósgerðis er sameiginleg og undirrituð af umráðamönnum Arnarbælis og Ósgerðis 28. maí 1889 og þinglýst daginn eftir. Ekki er vitað annað en að landamerkjaskrá þessi sé óumdeild.

Af gögnum málsins er ljóst, að mörgum býlum hefur verið skipt út úr Arnarbælistorfunni, svonefndum hjáleigum. Jörðin Ósgerði, sem einnig liggur innan marka Arnarbælistorfunnar, var hins vegar úrskipt býli úr heimastaðnum Arnarbæli og því sjálfseignarjörð. Ekki er til serstök lýsing landamerkja um jörðina Ósgerði fremur en um hjáleigurnar í Atnarbælistorfunni. Þó er vitað, að jörðin Ósgerði er sérstakt úrskipt land og á einhvers konar rétt í vissu óskiptu landi Arnarbælistorfunnar. Enginn ágrein-

ingur er um mörk þessara svæða að því er tekur til deiluefnis þess, er hér er til úrlausnar.

Vikið er að jörðinni Ósgerði í Vísitásiubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1679. Þar eru greind mörk Ósgerðislands, en þessi lýsing kemur ekki að haldi lengur við úrlausn þessa máls. Þó er sagt, að Ósgerðisbóndi reki pening til vatns, þar sem skemmst er og skaðaminnst þeim, er á móti búi. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1704 er sagt, að úrskipt býli Ósgerðis úr heimastaðnum Arnarbæli sé talið um 16. partur jarðarinnar Arnarbælis. Vikið er að því, að þar kunni að fóðrast 20 kúa þungi og að kostir og ókostir séu þeir, sem taldir séu á heimastaðnum Arnarbæli.

Af ljósriti úr jarðarmati 1849, sem lagt hefur verið fram í málinu, má ráða, að Ósgerði sé bændaeygn, túnið fremur lítið, flatt og grasgefið og fódri tæplega 2 kýr, engjar séu fremur stórar og úthagi óskiptur úr Arnarbælislandi. Þá hefur verið lagt fram í málinu ljósrit úr VII. bindi Alþingisbóka Íslands frá árinu 1681, sem varðaði tún og engjar Ósgerðis gagnvart Arnarbæli. Ekki virtist þessi dómur þó skipta máli um sakarefni það, sem hér er til úrlausnar. Af gögnun málsins og yfirlýsingu aðilja virðist liggja lóst fyrir, að selveiði hafi verið stunduð á ýmsum tímum frá Ósgerði í einhvers konar félagi við eigendur Arnarbælis. Ekki er öruggt, hver var laga-legur grundvöllur þessarar veiði í upphafi né hvort eða hvers konar skyldur eigendur Ósgerðis tóku sér í því sambandi. Veiði, og þá aðallega laxveiði, hófst hins vegar ekki á því svæði, sem hér er til umræðu, fyrr en á fyrri hluta þessarar aldar og eftir að selveiði minnkaði. Um þessi atriði verður þó að vísa til framburða þeirra vitna og aðilja, sem hér verða raktir á eftir.

Þeir Ársæll og Sigursteinn Guðsteinssynir gáfu aðiljaskýrslu hér fyrir dóminum 30. mars 1979. Í skýrslum þeirra kemur m. a. fram, að þeir hafi átt landið í 13 ár. Þeir kváðust einkum hafa nýtt sér tvö svæði í ánni til netalagna. Fyrri árin hafi þeir einkum notað aðra lögnina, en hin síðari hina. Síðastliðin 5 ár hafi þeir einkum veitt sér til matar, enda hafi áin legið illa við lögnum á þrætusvæðinu. Í skýrslum Ársæls og Sigursteins kemur fram, að nokkur ágreiningur hafi orðið við ábúanda Arnarbælis og fleiri vega stangaveiði í ánni, en þar sé einungis um silungsveiði að ræða. Töldu þeir, að tekist hefði að ná samkomulagi um silungsveiðina við ábúanda Arnarbælis, Hermann Sigurðsson, fyrir nokkrum árum um skiptingu stangveiðisvæðis á grundvelli gamals samkomulags, sem þeim var tjáð, að gilt hefði um skiptingu veiðiréttar milli Arnarbælis og Ósgerðis. Þeir upplýstu, að eigendur Ósgerðis fengju greiddar bætur fyrir selveiðihlunnindi, sem tekin voru undan jörðinni með lögum. Þeir kváðust líta svo á, að umræddar laxveiðilagnir væru í sjálfu sér í óskiptri sameign, en hins vegar hafi Ósgerðismenn byrjað að notfæra sér þessar lagnir, og leiddi af því, að eigendur Arnarbælis gætu ekki notfært sér þær. Þeir töldu, að er sel-

veiði lagðist niður, hafi nýting laxveiði byrjað. Ósgerðismenn hefðu nýtt laxveiðiréttinn á sama grundvelli og selveiði áður.

Vitnið Þórey Pálsdóttir gaf skýrslu fyrir dómnum 27. apríl 1979. Hún átti heima í Ósgerði á árunum 1936—1964, er faðir hennar, Páll Guðbrandsson, bjó þar. Hún sagði, að Ósgerðisfólk hefði á hverju ári lagt net í Ölfusá, frá því að þau komu í Ósgerði allt fram til 1965. Í framburði hennar kemur fram, að þesar lagnir hafi verið á svipuðum stöðum og núverandi eigendur lögðu. Ekki kvaðst Þórey þora að segja um veiðar, áður en hún kom í Ósgerði, en kvaðst þó telja, að faðir hennar hafi farið eftir því, sem áður hafði tíðkast. Hún sagði, að faðir hennar hefði byggt heimildir sínar til veiðiréttar á umsögn nánar tiltekinna manna, sem hún taldi, að hefðu þekkt til. Ekki kvaðst hún hafa orðið þess vör, að ábúendur Arnarbælis hefðu gert athugasemdir við veiði Ósgerðisbónda. Hún taldi, að stangaveiðin hefði farið fram af hálfu Ósgerðismanna á hluta hins umdeilda veiðisvæðis. Hún tók fram, að Ósgerðismenn hefðu oftlega selt stangveiðileyfi á þessu svæði. Hún taldi föður sinn hafa fengið selabætur, eftir að selveiði var aflögð í Ölfusá.

Hermann Sigurðsson, ábúandi á Arnarbæli, gaf skýrslu hér fyrir dómi 10. maí 1979. Hann kvaðst hafa búið í Arnarbæli í 11 ár. Hann staðfesti, að Ósgerðismenn hefðu verið með netalagnir á hverju ári, frá því að hann kom í Arnarbæli. Fram kom, að ábúendur Arnarbælis hefðu haft lagnir á vissum svæðum í ánni, m. a. undir Nethamraklöpp og undan kirkjugarðinum í Arnarbæli. Hann sagði, að nokkurs konar bráðabirgðasamkomulag hefði verið gert við eigendur Ósgerðis um stangveiði. Ástæðan hefði verið sú, að stangveiðimenn frá Ósgerði hefðu verið yfir svæði hans, þar sem hann hefði haft lagnir. Út af þessu hefði komið til árekstra, og var það tilefni til þess, að framangreint samkomulag var gert og skyldi haldast, meðan mál þetta stæði yfir.

Vitnið Sigurður Auðunsson gaf skýrslu fyrir dómnum 11. júní 1979. Hann kvaðst hafa unnið hjá Gísla Gíslasyni úrsmið, en Gísli hafði veiði í Ölfusá undan landi Kaldaðarness og Arnarbælis á leigu. Var þetta á árunum frá 1935 og þar til netaveiði var tekin af um skeið. Vitnið minnti, að hann hefði unnið hjá Gísla ein þrjú eða fjögur ár. Sagðist vitnið hafa verið með lagnir beint undan Arnarbæli, en ekki fyrir ofan Nethamra eða þar út af. Hins vegar hafi ábúandinn á Nethömrum verið með silungsnet undan Nethamraklöppinni. Vitnið sagði, að Páll Guðbrandsson hefði komið í Ósgerði á því tímabili, sem vitnið stundaði veiðarnar. Þall stundaði selveiðar, en ekki laxveiðar, og kvað vitnið engar lagnir hafa verið frá Ósgerði á ánni. Einungis Arnarbælistmenn hefðu stundað laxveiði undan landi Arnarbælistorfunnar. Vitnið sagði, að þeir hefðu haft lagnir, þar sem þeim fannst best að vera, undan Arnarbælistorfunni.



Lýður Guðmundsson, bóndi í Litlu-Sandvík, gaf skýrslu fyrir dóminum 28. júní 1979. Skýrði vitnið svo frá, að fyrir u. þ. b. 40 árum hefði verið uppi ágreiningur milli ábúenda Arnarbælis og Ósgerðis um skiptingu arðs vegna laxveiði í Ölfusá. Arðskráin á þeim tíma var þannig, að arður fyrir laxveiði var sameiginlegur í arðskrá fyrir umrædd býli, og sagði vitnið, að Arnarbælisbóndinn hefði hirt arðinn. Þessu hafi Ósgerðisbóndi Páll ekki viljað una. Hafi þetta orðið tilefni þess, að sýslumaður hafi falið vitninu og Arnbirni Sigurgeirssyni á Selfossi að leita sátta með deiluaðiljum, Páli og Hjörleifi Pálssyni, ábúanda Arnarbælis. Vitnið kveður samkomulag hafa orðið um skiptingu arðs milli aðiljanna, en vitnið man ekki lengur nánar efni samkomulagsins og kveður það hafa verið munnlegt. Vitnið sagði, að laxveiði hefði aldrei verið stunduð frá Arnarbælishverfi, þar til Gísli Gíslason hóf netaveiðar þar.

Í málinu liggur frammi vottorð, undirritað af Gísli Gíslasyni 10. febrúar 1953. Í vottorðinu kveðst hann hafa haft á leigu veiðirétt í Ölfusá af Ólafi Magnússyni, ábúanda í Arnarbæli, og veitt þar í sjö ár frá árinu 1933. Hann kvaðst ekki vita til þess, að Ósgerði hefði nokkurn tíma átt veiðirétt í Ölfusá. Þessu vottorði hefur umboðsmaður stefnda mótmælt sem röngu að því er tekur til veiðiréttar Ósgerðis í Ölfusá.

Helstu lagarök stefnanda, en þau hafa tekið nokkrum breytingum undir rekstri málsins, eru nú þessi: Stefndandi heldur því fram, að eigendur Ósgerðis eigi hvergi serskipt land að ánni. Af því leiði, að þeir eigi ekki sjálfstæðan veiðirétt í ánni, enda sé óheimilt að skilja veiði frá landi eða vinna hefð að veiði eða veiðistað, þar sem svo hagi til. Þá er því haldið fram, að eigendur Ósgerðis eigi engan veiðirétt fyrir óskiptu landi Arnarbælistorfunnar (en mörk þess eru óumdeild, eins og áður sagði). Þannig hafi það ekki verið fyrr á tímum, nema að því er selveiði snertir, en þau hugsanlegu réttindi skipti máli í þessu sambandi.

Lagarök stefndu hafa einnig breyst nokkuð í meðförum málsins. Þau eru þessi hin helstu: Stefndu telja í fyrsta lagi, að þeim sé veiði heimil í Ölfusá á grundvelli þess, að þeir ásamt eigendum Arnarbælis séu sameigendur að óskiptu landi Arnarbælistorfunnar, sem liggur niður að ánni. Þeim sé því heimil veiði á því svæði.

Í annan stað halda þeir fram máli sínu sér til stuðnings, að samkomulag hafi komist á fyrr á tímum með eigendum Ósgerðis og Arnarbælis um hlut hvorrar jarðar um sig í selveiði í Ölfusá. Laxveiði í Ölfusá sé eðlilegt framhald af selveiði. Sel hafi verið útrýmt í Ölfusá á sínum tíma, til þess að lax gengi að ráði upp í ána. Hið forna samkomulag um sameiginlegan veiðirétt jarðanna hljóti þannig að gilda um laxveiðar eins og selveiðar áður.

Fram er komið, að hið sérgreinda land Ósgerðiseignarinnar liggur ekki

að ánni á hinu umdeilda svæði. Því er ekki um veiðirétt að ræða á þeim grundvelli, enda er því ekki lengur haldið fram í málinu.

Upplýst er, að svonefnt óskipt land Arnarbælistorfu liggur að Ölfusá innan hinna umdeildu veiðimarka og á svæði, sem nánar er sýnt á dóm-skjali nr. 21. Hér er um landsvæði að tefla, sem óumdeilanlega tilheyrði Arnarbæli, áður en Ósgerði kom til sögunnar sem sjálfstætt býli. Stefndu hafa hvorki leitt næg rök eða gögn að því, að þeir eða aðrir eigendur Ósgerðis hafi á einhverju tímabili óðlast beinar eignarrétt á þessu landi. Eins og hér háttar til, verða stefndu að bera hallann af sönnunarskorti um þá staðhæfingu, að þarna sé um að ræða sameignarland þeirra og eigenda Arnarbælis.

Hins vegar virðast Ósgerðisbændur hafa frá fornu fari átt beitarrétt og ef til vill aðrar takmarkaðar heimildir á þessu svæði. Þeir virðast enn fremur hafa átt rétt til selveiði í ánni. Selveiðin er nú aflögð, Er óvist, hvernig þessi réttur var til kominn og hverjar skyldur fylgdu í kjölfarið. Þessar takmörkuðu heimildir, sem nú hafa verið nefndar, veita ekki nægjanlega visbendingu fyrir því, að Ósgerðisbændur hafi að fornu eða nýju átt rétt til laxveiði eða silungsveiði á hinu umdeilda svæði. Þá er og ekki sannað að slíkur réttur hafi stofnast til handa Ósgerðismönnum með sérstöku samkomulagi við eigendur Arnarbælis. Breytir engu í þessu efni, þótt Ósgerðisbændur kunni hafa veitt í ánni um takmarkaðan tíma. Loks verður ekki talið, eins og mál þetta er vaxið, að réttur til lax- og/eða silungsveiði hafi stofnast til handa Ósgerðisbændum í stað selveiði, sem nú hefur lagst niður samkvæmt framansögðu.

Rétt er, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Dóm þennan kvað upp Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, ásamt meðdómsmönnum Sigurði Baldurssyni hæstaréttarlögmanni og Stefáni M. Stefánssyni prófessor.

#### D ó m s o r ð :

Jörðinni Ósgerði fylgir enginn lax- eða silungsveiðiréttur í Ölfusá á svæði, sem afmarkast af vesturmörkum Auðsholts vestur að fjörunni á móts við gamla íbúðarhúsið í Arnarbæli.

Málskostnaður fellur niður.